

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2014, þriðjudaginn 9. desember var haldinn 341. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Björg Fenger Garðabæ, Pétur Óskarsson Hafnarfirði og Anny Berglind Thorstensen Kópavogi. Guðmundur Magnússon Seltjarnarnesi boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Á fundinn komu Björn Ólafsson og Árni Stefánsson frá Þríhnjúkum ehf. og sögðu frá starfseminni.

Kl. 09:25 kom Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ á fundinn.
2. Lögð fram tillaga um gjaldtöku vegna gönguskíðasvæðis í Bláfjöllum. Samþykkt að hefja gjaldtöku.
3. Lagt fram bréf skíðadeildar Fram dags. 11. nóv. sl. varðandi Eldborgargil.
4. Lagt fram minnisblað SSH dags. 24. nóv. sl. varðandi snjóframleiðslu á skíðasvæðum. Samþykkt að Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Eva Einarsdóttir formaður SHB og Páll Guðjónsson SSH skipi stýrihóp til að taka saman áfangaskýrslu um næstu skref varðandi snjóframleiðslu.

Jafnframt lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra SHB dags. 26. nóv. sl. varðandi snjóframleiðslu.
5. Lagt fram bréf ÍTR dags. 8. des. sl. varðandi hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík vegna snjóframleiðslu.

Fundi slitið kl. 10:15

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Pétur Óskarsson

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir